



Reykjavíkurborg

Okkar mál

Ársskýrsla þróunarverkefnis 2017-2018



höf. skýrslu Helga Ágústsdóttir

Efnisyfirlit

Markmið	2
Lýsing.....	3
Skipulag	4
Stýrihópur.....	5
Árangur og mat.....	6
Starfið 2017-2018	7
Leiklist í leikskólum.....	7
Átaksverkefni um málþroska í samstarfi við talmeinafræðinga	9
Stuðningur við málþroska á heimilum.....	12
Sameiginlegur starfsdagur	13
Rafræn umsýsla	13
Fjármál	13
Kynningar	14
Fræðilegar heimildir sem vísað er í	15

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu

Markmið Okkar máls voru sett í upphafi verkefnisins vorið 2012. Verkefnið hefur einnig eftirfarandi markmið:

- að auka samstarf milli leikskólans Aspar, leikskólans Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vínafells í Fellaskóla
- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við Þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af

Lýsing

Okkar mál er þróunarverkefni sem upphaflega var skilgreint til fimm ára þegar samstarfið hófst. Starfslok verkefnisins voru fyrirhuguð vorið 2017 en þegar sú dagsetning nálgadist var enginn tilbúinn til þess að sleppa af verkefninu hendinni sökum hinna jákvæðu áhrifa samstarfsins.

Meginmarkmið verkefnisins að **auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti** með það að leiðarljósi að **efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna** í hverfinu. Samstarfsaðilar í verkefninu eru **Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts**. Styrkir úr þróunarsjóði **Skóla- og frístundaráðs** hafa veitt samstarfinu brautargengi.



Skipulag

Verkefnastjórar frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla funda reglulega um skipulag sameiginlegra verkefni, útskrifta og vorskóla ásamt skipulagsvinnu. Verkefnastjórnir hafa séð um skipulag og umsjón heimsókna milli leik og grunnskóla. Þeir hafa jafnframt unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi, kynningarmálum, gerð læsisáætlana ásamt margvíslegum verkefnum á hverri starfsstöð. Þeim til ráðgjafar eru deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fellaskóla svo og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.

Verkefnisstjórar gera samstarfsáætlun skólanna og halda utan um kjarnastarf verkefnisins. Verkefnisstjórar vinna einnig samstarfsáætlun, sem er í stöðugri þróun. Ákveðnir þættir samstarfsáætlunar eru orðnir fastir liðir í samstarfi skólanna og settir í tímaramma Okkar máls¹.

- Útskriftir leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla
- Vorskólinn
 - 3ja daga skipulögð dagskrá þar sem tilvonandi grunnskólabörn og foreldrar þeirra læra á skólann, hitta tilvonandi kennara, bekkjarfélaga og annað starfsfólk samhliða því að læra á skólann.
- Lestur 5. bekkinga fyrir leikskólabörn á eigin móðurmáli
- Heimsókn 1. bekkinga í leikskólann
- Söngbók Fellahverfis

¹ <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2018/07/T%C3%ADmarammi-leik-og-grunn-2018-2019.pdf>

Stýrihópur

Stýrihópur Okkar máls samanstendur af 1-2 fulltrúum hversrar starfsstöðvar.

Veturinn 2017-2018 fundaði hópurinn alls fimm sinnum. Stýrihópur sinnir stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi, mat á starfsemi verkefnisins og kynningarmálum. Fulltrúar í stýrihópi bera ábyrgð á því að kynna verkefnið fyrir sinni starfsstöð og miðla upplýsingum um starfsemi verkefnisins

Veturinn 2017-2018 sátu eftirfarandi aðilar í stýrihópi verkefnisins:

- **Fellaskóli** – Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skólastjóri og Bryndís Snorradóttir deildarstjóri
- **Leikskólinn Holt** – Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir leikskólastjóri og Sólveig Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri
- **Leikskólinn Ösp** – Sólveig Þórarinsdóttir leikskólastjóri og Þuríður Óttarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri
- **Menntavísindasvið HÍ** – Dr. Brynja Halldórsdóttir, lektor í uppeldis og menntunarfræðum
- **Skóla og frístundasvið** – Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri/ráðgjafi v. fjölmennningar í leikskólum
- **Þjónustumiðstöð Breiðholts** – Helga Ágústsdóttir verkefnastjóri og Hákon Sigursteinsson deildarstjóri skólaþjónustu

Fulltrúar í stýrihópi eru ábyrgir fyrir því að kynna verkefnið fyrir starfsfólki sinnar starfsstöðvar. Allt starfsfólk skólanna tekur þátt í sameiginlegum starfsdegi á hverju ári og þannig reynt að upplýsa starfsfólk markvisst um verkefnið og viðfangsefni þess.

Árangur og mat

Okkar mál, samhliða fleiri þróunarverkefnum í Fellahverfi, hefur gert mikið fyrir skólastarf. Okkar mál rammar inn samstarf og skapar þannig formlegan vettvang samskipta um samstarf milli skólanna, skólastiganna, frístundar og stofnananna í hverfinu. Samvinnan hefur stuðlað að því að sérfræðinganet skólanna hefur stækkað og umræða um skólastarfið í hverfinu hefur stórauðist og þar með áhugi háskólasamfélagsins á skólunum í Fellahverfi.

Úttekt Brynju Halldórsdóttur PhD frá 2015² sýndi að fagaðilar beggja skólastiga gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skilja reynslu barna sem eru að læra nýtt tungumál og byggðu starfið á skilning og virðingu fyrir heimamenningu nemenda með það í huga að börn og foreldrar sem eru að læra að fóta sig í nýrri menningu og aðstæðum sem gæti verið gjörólík þeirra fyrri reynslu af menningu og skólastarfi.

Dr. Brynja Halldórsdóttir lektor á Menntavísindasviði stýrir úttekt á verkefninu þar sem skoðað er sérstaklega hversu vel hafi tekist að vinna að öllum markmiðum verkefnisins og hvort einhvers staðar þurfi að bæta í. Matið byggir á viðtölum við starfsfólk skólanna.

² http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Skyrsla_15052015BH.pdf

Starfið 2017-2018

Auk kjarnaverkefna var töluvert um nýbreytni í skólastarfinu veturinn 2017-2018 þar sem tvær nýjungar fóru af stað. Annars vegar var ráðist í að efla þátt kennsluaðferða leiklista í leikskólastarfi undir handleiðslu sérfræðinga. Hins vegar var ráðist tímabundið tveggja ára átaksverkefni tengt málþroska í Fellahverfi. Átaksverkefnið byggir á samstarfi við talmeinafræðinga, vitundarvakningu í skólum og á heimilum og auknum gæðum skólastarfs í þágu málþroska.

Leiklist í leikskólum

Þær Ása Helga Ragnarsdóttir og Dr. Hafdís Guðjónsdóttir leiddu í vetur innleiðingarverkefni kennsluaðferða leiklistar sem hlotið hefur nafnið

Leiklistarleikskólinn - Okkar mál.

Kennsluaðferðir leiklistar ganga út á leik, sköpun og tjáningu sem aðferð til þess að dýpka skilning á viðfangsefnum hverrar stundar. Þær eiga mikinn samhljóm með grunngildum leikskólastigsins og þykja öflugt verkfæri til þess að vinna með fjölbreyttum barnahópi.

Lengi hefur verið áhugi fyrir því að fá handleiðslu sérfræðinga í starfið með börnunum. Vorið 2017 keyrðu þær Ása Helga og Hafdís leiklistartengt sögustundarverkefni inni á deildum leikskólanna. Í kjölfarið kviknaði áhugi á því að innleiða leiklist af fullum krafti í leikskólastarfið. Undirbúningur hófst sumarið 2017 og ákveðið var að Ása Helga og Hafdís stýrðu 6 skipta innleiðingarferli kennsluaðferða leiklistar þá um haustið. Sótti yrði um styrki til þess að halda samstarfinu áfram næstu ár og fá þannig meiri slagkraft í innleiðinguna.

Kennsluaðferðir leiklistar, sem ganga út á leik, sköpun og tjáningu, hafa mjög sterkan samhljóm með kjarna leikskólastarfsins.

Langtímamarkmið leiklistarverkefninsins er að leiklist verði órjúfanlegur hluti af leikskólastarfi Aspar og Holts ásamt því að allir starfsmenn leikskólanna tveggja nýti sér leiklist í starfi og líti á kennsluaðferðir leiklistar sem verkfærakistu í leik og starfi með börnum.



Innleiðingarferlið hófst haustið 2017 og fól í sér undirbúning allra starfsmanna leikskólanna þar sem farið var í gegnum verkefnið, markmið útskýrð og starfsfólk hvatt til þess að taka þátt í leiklistarverkefninu á sínum forsendum og styrkleikum samhliða því að taka sér leikhlutverk í sögunni sem spynnist í vinnunni með börnunum.

Sjálft verkefnið var síðan keyrt í fjögur skipti á sex vikna tímabili með elstu börnunum á hvorum leikskóla undir stjórn Ásu Helgu Ragnarsdóttur og Steinunnar Ólafsdóttur. Börnin fóru í hlutverk spæjara sem aðstoðuðu lögregluforingjann að hafa

hendur í hári alræmds glæpamanns. Á meðan rannsókninni stóð kynntust börnin ýmsum persónum sem hver og ein varpaði nýju ljósi á aðstæður og bakgrunn glæpamannsins og af hverju hann hagaði sér svona illa.



Á milli leiklistartímanna fengu leikskólarnir verkefni tengd leikverkinu. Börnin voru virkir þátttakendur og gegndu mikilvægu hlutverki í framvindu sögunnar. Verkefnið var þeim afar hugleikið og heyra mátti börnin ræða sín á milli um leikverkið, söguna og persónur í daglegu starfi á meðan verkefninu stóð.

Verkefninu lauk með því að þær Ása og Hafðís hittu allt starfsfólk leikskólanna og ræddu um kosti og galla verkefnisins á sérstökum úrvinnslufundi, sem og mögulegt framhald leiklistar undir stjórn starfsfólks leikskólanna án áframhaldandi viðveru sérfræðinganna.



Vorið 2018 var sótt um styrk í [Sprotasjóð](#) og fengust úthlutaðar 1.500.000,- til leiklistarhluta verkefnisins öllum þátttakendum til mikillar ánægju. Því er ljóst að leiklistarleikskólinn mun halda áfram af fullum krafti næsta vetur í Okkar máli.

Átaksverkefni um málþroska í samstarfi við talmeinafræðinga

Fagfólk skólanna í Fellahverfi hefur lengi haft áhyggjur af stöðu málþroska í hverfinu og kallað eftir stórauðinni sérfræðilekkingu á málþroska inn í skólana sökum sérstöðu þeirra.

Málþroski skiptir gríðarlegu máli fyrir framtíðarmöguleika barna í samfélaginu. Talað mál og hlustun ungra barna eru nauðsynlegir undanfarar lesturs og ritunar, verkfæra sem bróðurpartur framtíðarnáms nemenda byggir á (Roskos, Tabors og Lenhart, 2009). Enn fremur treystir samfélagið okkar á að fólk geti skilið fyrirmæli. Skólakerfið og allt skipulagt tómstundastarf byggir á því að nemendur/iðkendur skilji og geti unnið úr leiðbeiningum kennara, starfsfólks og þjálfara. Aðgengi að menntun byggir á málskilningi og hæfni barna og ungmenna til þess að vinna úr þeim upplýsingum sem berast úr umhverfinu (Jensen, 2009).

Samsetning barnahópsins í Fellahverfi er fjölbreytt. Í leik- og grunnskólum Fellahverfis er hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna. Í Fellaskóla nálgast hlutfall barna af erlendum uppruna 86% en á leikskólunum Holti og Ösp er hlutfallið kringum 80%. Uppruni barnanna er fjölbreyttur en langflest þeirra eru fædd og uppalin á Íslandi þrátt fyrir að eiga rætur í aðra menningarheima. Nokkur fjöldi barna í hverfinu elst upp á heimilum sem þurfa fjárhagsaðstoð frá borginni.

Erlendar rannsóknir benda til þess að börn sem alast upp við annað tungumál, eða fleiri séu líklegri til þess að þróa með sér málþroskafrávik. Börn sem alast upp við erfiðar félagslegar aðstæður s.s. fátækt eru líka líklegri til þess að greinast með frávik í málþroska. Aðrir álagspættir, s.s. veikindi í fjölskyldu, ættlægar málþroskaraskanir auka einnig líkurnar á að barn dragist aftur úr í málþroska (Bishop og Leonard, 2000). Bakgrunnur barnahópsins í Fellahverfi gefur tilefni til þess að vandlega sé fylgst með málþroska ásamt því að öllum tiltækum úrræðum sé beitt til þess að styðja heimili og skóla þannig að málumhverfi barnanna verði eins og best verði á kosið. Mikilvægt er að hlúa að ríku málumhverfi barna til þess að hjálpa þeim að tileinka sér farsæl samskipti og búa til góðan grunn fyrir alla áframhaldandi menntun.

Aðdragandi verkefnisins var sá að leitað var til Bryndísar Guðmundsdóttur talmeinafræðings í tengslum við fræðslu og mögulegt fyrirkomulag á handleiðslu starfsmanna í starfi með börnum. Eftir miklar umræður varð niðurstaðan sú að lagt yrði af stað í tveggja ára átaksverkefni. Markmið átaksins eru eftirfarandi:

- Auka þekkingu í skólum og á heimilum um málþroska
- Aukin fræðsla til starfsfólks um málþroska
- Styðja og handleiða starfsfólk í vinnu tengdri málörvun
- Tryggja þjálfun þeirra barna sem þess þurfa

Úr varð að leikskólarnir fjárfestu í viðveru talmeinafræðinga hálfan dag í viku á meðan Okkar máls verkefnið greiddi fræðslu til starfsfólks og foreldra. Þar sem ljóst að verkefnið var stærra sniðum en Bryndís gæti skuldbundið sig til ein, var leitað til Tröppu og Tinna Sigurðardóttir talmeinafræðingur fengin þaðan til samstarfs.

Að fengnu leyfi hjá foreldrum hófust talmeinafræðingarnir handa við að kortleggja þarfir barnahópsins. Þau börn sem mældust með málþroskatölur <80 eða með ákveðinn fjölda framburðarfrávika m.v. aldur eiga skv. reglum Sjúkratrygginga Íslands rétt á niðurgreiddri talþjálfun³. Strax var hafist handa við að afla þeim beiðna í samstarfi við Heilsugæslu Efra-Breiðholts og tryggja þá þjálfun sem þau áttu rétt á.

Hópur foreldra er í viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði sökum uppruna. Ljóst var að ekki myndu allir geta skroppið frá vinnu, sótt barn á leikskólann og fylgt því í talþjálfun á vinnutíma. Til þess að tryggja að öll börnin hefðu sannarlega aðgengi að þjálfuninni var ákveðið að talþjálfunin færi fram í leikskólanum. Þjálfunin fór fram á vegum Tröppu. Talmeinafræðingur kom á leikskólana og sinnti þar þjálfun á meðan vistunartíma barnanna stóð.

³ Sjá <http://www.sjukra.is/heilbrigdisthjonusta/thjalfun-vegan-endurhaefingar/talthjalfun/>

Mikilvægur þáttur átaksins er að vekja allt samfélagið til meðvitundar um mikilvægi málþroska. Foreldrar sátu fræðslufund í október þar sem farið var yfir átaksverkefnið, stöðuna og hversu mikilvægur málþroski hvort sem hann er á einu eða fleirum tungumálum væri fyrir líf barnanna og þátttöku í samfélagi. Yfir 80% foreldra leikskólabarnanna mættu á fundinn og gefur það sterkar vísbendingar um áhuga þeirra og jákvæð viðhorf gagnvart viðfangsefninu. Brúarsmiðir frá Miðju máls og læsis mættu einnig á fundinn.

Kortlagning málþroska með PLS4 málþroskaprófi leiddi í ljós ýmis tækifæri til þess að bæta málskilning barnahópsins. Út frá þeim upplýsingum unnu Bryndís og Tinna kennsluáætlun⁴ sem keyrð var á vorönn 2018. Sérstakar málörvunarstundir voru skipulagðar á leikskólunum. Skipulagi var einnig breytt til þess að hámarka tíma barnanna í ríku málumhverfi samhliða því sem farið var í gegnum spil, leikföng og annað málörvunarefni leikskólanna flokkað eftir þeim þemum sem unnið var eftir.

Kennsluáætlunin var þýdd á pólsku, filippseysku og ensku og hengd upp í leikskólunum. Foreldrar voru hvattir til þess að fylgjast með þemu vikunnar og styðja við málþroska barnsins með því að tala við barnið um allt sem kynni að tengjast þemu vikunnar á eigin móðurmáli. Niðurstöður málþroskaskimunar voru kynntar foreldrum og þeim boðið að hitta talmeinafræðingana samhliða foreldraviðtölum.

Aukaafurð skimunarinnar eru tölulegar upplýsingar um stöðu barnahópsins út frá málþroskaprófunum. Þau gögn draga upp afar dökka mynd af stöðu málþroska í Fellahverfi þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir því að niðurstöður endurspegluðu fjölbreyttan bakgrunn barnahópsins. Niðurstöðurnar gefa áhyggjuröddum skólafólks úr Fellahverfi aukið vægi enda hafa skólastjórnendur Okkar máls skólanna lengi óskað eftir auknum mannafla og aukinni sérþekkingu inn í skólana til þess að mæta þörfum barnahópsins. Niðurstöðurnar sýndu svart á hvítu þörfina fyrir stórauðum úrræðum á sviði málþroska í Fellahverfi ásamt því að svipta

⁴ <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2018/03/Markmi%C3%B0-jan-ju%CC%81ni%CC%81-2018-Okkar-ma%CC%81.pdf>

hulunni af raunverulegu tækifæri til þess að uppfylla 28. grein Barnasáttmálans og veita öllum kost á æðri menntun⁵.

Nákvæmar niðurstöður voru reifaðar í skýrslu um stöðu málþroska í Fellahverfi sem birtar voru Regínu Ásvaldsdóttur sviðstjóra Velferðasviðs og Helga Grímssyni sviðstjóra Skóla- og frístundasviðs í mars 2018 ásamt tillögum stýrihóps Okkar máls til úrbóta og ósk um aukið fjármagn til Okkar máls skólanna.

Stuðningur við málþroska á heimilum

Okkar mál fékk sérstakan sess á starfsdegi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts haustið 2017. Þar var farið yfir mögulegar leiðir til þess að auka þverfaglega aðkomu þB að verkefninu og hvort frekari tækifæri leyndust til þess að styðja við fjölskyldur í hverfinu á öðrum forsendum en áður hefur verið gert og þannig auka nærþjónustu í hverfinu.

Niðurstaða starfsdagsins var sú að þróa þyrfti betri stuðning við málumhverfi barna á heimilum í anda valdeflingar og forvarna. Þegar málið var skoðað kom á daginn að ýmsar rannsóknir sýna að slíkar aðgerðir samhliða góðum leikskólaúrræðum eru ekki bara öflugt úrræði, þau eru farin að skila sér kostnaðarlega strax í 2. bekk grunnskóla (Heckman, Moon, Pinto, Savelyev og Yavitz, 2010). Þá eru ótalin önnur jákvæð samfélagsleg áhrif.

Lára Sigríður Baldursdóttir leiðir nú verkefni sem hlotið hefur vinnuheitið TOM, Tilsjón – Okkar mál. Verkefnið er tilraunaverkefni sem keyrt verður veturinn 2018-2019 og gengur út á að efla málumhverfi barna á heimilum samhliða OM átaksverkefni tengt málþroska á leikskólunum Holti og Ösp. Unnið er að fjármögnun verkefnisins. Vonir standa til þess að málörvunarúrræði á heimili geti orðið hluti af þeirri þjónustu sem boðið er upp á gegnum þB.

Okkar mál og TOM er nú að finna í þróunaráætlun um nýsköpun og framþróun Þjónustumiðstöðvar Breiðholts 2018-2019.


⁵ Sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1992018.2c5.html>

Sameiginlegur starfsdagur

Þann 3. janúar var haldinn sameiginlegur starfsdagur Okkar máls⁶. Starfsdagurinn var tileinkaður málproska og málörvun barna og stýrðu Bryndís Guðmundsdóttir og Tinna Sigurðardóttir talmeinafræðingar stýrðu fræðslu starfsdagsins.

Rafræn umsýsla

Haustið 2017 varð sameiginlegt drif loksins að veruleika eftir langa bið. En notkun Dropbox möppu var hætt vorið 2016 eftir að Upplýsingatæknideild lýsti yfir áhyggjum af öryggi gagna.



Heiti	Breytt þann	Gerð
Gæðahandbók-VEL	10.10.2012 23:42	Skráamappa
ITR	12.5.2014 09:24	Skráamappa
Okkar mál í Fellahverfi	18.7.2018 13:25	Skráamappa
Ritstjórn	Gerð: Skráamappa	amappa
Velferðar	Breytt þann: 18.7.2018 13:25	amappa
	Stærð: 9,86 GB	
	Möppur: 2012-2013, 2013-2014, 2014-2015, 2015-2016, 2016-2017, ...	
	Skrán: Segull á Isskápinn_demo, ...	

Okkar mál hefur einnig fengið pláss á workplace Reykjavíkurborgar.

Fjármál

Veturinn 2017-2018 voru stærstu kostnaðarliðir verkefnisins aðkeypt ráðgjöf vegna leiklistarleikskóla, átaksverkefni talmeinafræðinga, starfsdags og efniskaupa. Einnig hlaust kostnaður vegna aðkeyptar vinnu í tengslum við úttektar HÍ á OM verkefni. Fyrirhugaðar eru frekari greiðslur vegna kostnaðar HÍ við lokaúttekt á verkefninu.

Alls kostnaður 2017-2018	2.374.240,-
--------------------------	-------------

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn hlaust af átaksverkefni vegna málproska í Fellahverfi en þar eru meðtaldir fræðslufundir fyrir foreldra, fræðsla á starfsdegi, allir undirbúningsfundir v/ verkefnisins, einnig vegna fyrirhugaðs samstarfs næsta vetur. Ljóst er að án aukins fjármagns mun ekki vera unnt að fjármagna átaksverkefni í samstarfi við talmeinafræðinga að fullu næsta vetur.

Kynningar

Vorið 2018 birtist umfjöllun um Okkar mál í Skólavörðunni⁷.

Fagtímaritið Glæður, sem félag sérkennara á Íslandi gefur út, óskaði eftir aðsendri grein í vor og var orðið við þeirri ósk. Greinin er óbirt ennþá þegar þetta er ritað.

Verkefnið heldur úti heimasíðu þar sem helstu fréttir birtast reglulega

Heimasíðuna má finna á:

www.tungumalatorg.is/okkarmal

Heimasíðunni er ekki einungis ætlað að vera fréttaveita fyrir verkefnið, heldur einnig upplýsingabanki og aðgengileg verkfærakista fyrir alla þá sem huga að samstarfi um skólastarf þvert á stofnanir eða skólastig.



Reykjavík, 2018

f.h. Okkar máls

Helga Ágústsdóttir
kennsluráðgjafi og verkefnisstjóri OM

⁷ https://ki.is/images/Skrar/KI/Skolavardan/2017/2018_01_skolavardan_vefur.pdf

Fræðilegar heimildir sem vísað er í

Bishop, D. V. M., & Leonard, L. B. (2000). *Speech and language impairments in children: Causes, characteristics, intervention, and outcome*. Hove, East Sussex: Psychology Press.

Heckman J J., Moon S.H., Pinto R., Savelyev P.A., Yavitz A. The Rate of Return to the HighScope Perry Preschool Program, *Journal of Public Economics* 94, nos. 1–2 (2010): 114–128.

Jensen, Eric. (2009). *Teaching with poverty in mind*. Alexandria, Virginia: ASCD.

Roskos, Kathleen A., Tabors, Patton O. og Lenhart, L. A. (2009). *Oral language and early literacy in preeschool: Talking, reading, and writing*. Newark, Delaware: International Reading Association.